

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/112/EB

2012/EES/54/59

frá 16. desember 2008

um breytingu á tilskipunum ráðsins 76/768/EBE, 88/378/EBE og 1999/13/EB og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB, 2002/96/EB og 2004/42/EB í því skyni að laga þær að reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr. og 1.mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-
bandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ⁽³⁾ er kveðið á um samræmingu á flokkun og merkingu efna og blandna innan Bandalagsins. Sú reglugerð mun koma í stað tilskipunar ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ⁽⁴⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽⁵⁾.

2) Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 byggir á reynslu af tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og þar eru innleiddar viðmiðanir fyrir flokkun og merkingu efna og blandna sem kveðið er á um í hnattsamræmda kerfinu (HSK) til flokkunar og merkingar iðefna sem hefur verið samþykkt á alþjóðavísu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

3) Tiltekin ákvæði um flokkun og merkingar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB gagnast einnig við beitingu annarrar löggjafar Bandalagsins, t.d. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽⁶⁾, tilskipunar ráðsins 88/378/EBE frá 3. maí 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga ⁽⁷⁾, tilskipunar ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokkgjarna lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ⁽⁸⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki ⁽⁹⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og raf-eindabúnaðarúrgang ⁽¹⁰⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum ⁽¹¹⁾.

4) Upptaka viðmiðana hnattsamræmda kerfisins í löggjöf Bandalagsins hefur í för með sér innleiðingu nýrra hættuflokka og hættuundirflokka sem eru ekki í fullu samræmi við þá flokkun og merkingar sem kveðið er á um í tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB. Samkvæmt greiningu á mögulegum áhrifum umskiptanna úr gamla flokkunar- og merkingakerfinu í hið nýja skal viðhalda gildissviði tilskipana 76/768/EBE, 88/378/EBE, 2000/53/EB og 2002/96/EB með því að laga tilvísanir í viðmiðanir þeirra um flokkun að nýja kerfinu sem innleitt er með reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 68. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 120, 16.5.2008, bls. 50.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 28. nóvember 2008.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 187, 16.7.1988, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

- 5) Einnig er nauðsynlegt að laga tilskipun 76/768/EBE að samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾.
- 6) Samkvæmt tilskipun 67/548/EBE koma tvær nýjar hættusetningar, H40 og H68, í stað hættusetningar H40 og rétt þykir að samræma tilskipun 1999/13/EB því og tryggja þannig rétt umskipti yfir í hættusetningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 7) Umskiptum frá viðmiðunum um flokkun sem eru í tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB skal vera lokið að fullu 1. júní 2015. Framleiðendur snyrtivara, leikfanga, málningar, lakks, efna til lakkviðgerða ökutækja og raf- og rafeindabúnaðar eru framleiðendur, innflytjendur eða eftirnotendur í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, ásamt rekstraraðilum sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir tilskipun 1999/13/EB. Þeim skal öllum gefinn kostur á að útfæra þessi umskipti samkvæmt þessari tilskipun innan tímaramma sem er sviptaður og tímaramminn sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 8) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamnings milli stofnana um betri lagasetningu ⁽²⁾ eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingar-ráðstafana þeirra.
- 9) Því ber að breyta tilskipunum 76/768/EBE, 88/378/EBE, 1999/13/EB, 2000/53/EB, 2002/96/EB og 2004/42/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA

1. gr.

Breytingar á tilskipun 76/768/EBE

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í öllum texta skjalsins komi „blanda“ eða „blöndur“ í stað orðsins „efnablanda“ eða „efnablöndur“ í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í útgáfunni frá 30. desember 2006.
2. Í stað d-liðar 1. mgr. 4. gr. a komi eftirfarandi:

„d) að á yfirráðasvæði þeirra fari fram prófanir á dýrum á innihaldsefnum eða samsetningum innihaldsefna til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar, eigi síðar en þann dag sem þess er krafist að í stað slíkra prófana komi ein eða fleiri fullgiltar aðferðir sem eru tilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 um prófunaraðferðir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*) eða í IX. viðauka við þessa tilskipun.

(*) Stjtið. ESB L 142, 31.5.2008, bls. 1.“

3. Í stað 4. gr. b komi eftirfarandi frá 1. desember 2010:

„4. gr. b

Banna skal að nota í snyrtivörur efni sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, efni sem hafa stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða sem hafa eitruhrif á æxlun samkvæmt undirflokkum 1A, 1B og 2. undirflokkum í 3. hluta VI viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*). Í því skyni skal framkvæmdastjórnin samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Nota má efni, sem flokkast í 2. undirflokk, í snyrtivörur ef vísindanefndin um öryggi neytenda hefur metið efnið og fallist á að það megi nota í snyrtivörur.

(*) Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

4. Í stað síðustu setningar annarrar undirgreinar h-liðar 1. mgr. í 7. gr. a komi eftirfarandi frá 1. desember 2010:

„Tölulegar upplýsingar sem krafist er skv. a-lið að séu gerðar aðgengilegar almenningi skulu takmarkast við efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram í I viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008:

- a) hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

⁽¹⁾ Stjtið ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1; leiðrétt í Stjtið. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

b) hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

iii. hættuflokk 4.1,

c) hættuflokk 4.1,

iv. hættuflokk 5.1.

d) hættuflokk 5.1.“

(*) Sjáttíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

5. Í stað fyrstu setningarinnar í IX. viðauka komi eftirfarandi:

„Í þessum viðauka eru skráðar þær staðgönguaðferðir sem Evrópumíðstöð um fullgildingu staðgönguáðferða hjá Sameiginlegu rannsóknarmíðstöðinni hefur fullgilt, sem uppfylla kröfurarnar í þessari tilskipun, og sem ekki eru tilgreindar í reglugerð (EB) nr. 440/2008.“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 88/378/EBE

Tilskipun 88/378/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í öllum texta skjalsins komi „blanda“ eða „blöndur“ í stað orðsins „efnablanda“ eða „efnablöndur“ í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í útgáfunni frá 30. desember 2006.

2. Í stað b-liðar 2. liðar II. hluta II. viðauka komi eftirfarandi frá 1. desember 2010:

„b) Leikföng mega ekki innihalda efni eða blöndur, sem geta orðið eldfimar glati þær rokgjörnum efnisþáttum sem eru ekki eldfimur, ef, vegna þess hlutverks sem þau gegna, m.a. efni og búnaður fyrir efnafræðitilraunir, samsetningu líkana, mótun úr plasti eða leir, glerjun, ljósmyndun eða áþekka starfsemi, slík leikföng innihalda blöndur sem eru hættulegar skv. skilgreiningu í tilskipun ráðsins 67/548/EBE, eða efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*):

i. hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

ii. hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

iii. hættuflokk 4.1,

iv. hættuflokk 5.1.

(*) Sjáttíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

4. Í stað fyrstu málsgreinar 3. liðar í 3. lið II. hluta II. viðauka komi eftirfarandi frá 1. desember 2010:

„3. Leikföng mega ekki innihalda blöndur, sem eru hættulegar eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórn-sýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablanda (*), eða efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008:

a) hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

- b) hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,
- c) hættuflokk 4.1,
- d) hættuflokk 5.1,

í þeim mæli að valdið gæti tjóni á heilsu barna sem þau nota. Það er stranglega bannað í öllum tilvikum að nota slík efni eða blöndur í leikföng ef ætlunin er að nota efni þessi eða blöndur sem slík á meðan leikfangið er notað.

(*) Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.“

5. Í stað fyrstu málsgreinar 3. liðar í 3. lið II. hluta II. viðauka komi eftirfarandi frá 1. júní 2015:

„3. Leikföng mega ekki innihalda efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008:

- a) hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,
- b) hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,
- c) hættuflokk 4.1,
- d) hættuflokk 5.1,

í þeim mæli að valdið gæti tjóni á heilsu barna sem þau nota. Það er stranglega bannað í öllum tilvikum að nota slík efni eða blöndur í leikföng ef ætlunin er að nota efni þessi eða blöndur sem slíkar meðan leikfangið er notað.“

6. Í stað titils og a-liðar 4. liðar IV. viðauka komi eftirfarandi frá 1. desember 2010:

„4. **Leikföng sem innihalda efni eða blöndur sem bein hætta stafar af. Efnafræðileikföng**

- a) Með fyrirvara um beitingu ákvæðanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skulu notkunarleiðbeiningar með leikföngum sem innihalda blöndur sem bein hætta stafar af eða efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram í I viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008:

- i. hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,
- ii. hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,
- iii. hættuflokk 4.1,
- iv. hættuflokk 5.1,

vara við hættum sem stafa af efnum þessum eða blöndum og geta um varúðarráðstafanir sem notandi á að gera til að forðast þessar hættur, sem skylt er að tilgreina nákvæmlega, með hliðsjón af þeirri tegund leikfanga sem um ræðir. Einnig skal geta hvers konar skyndihjálþ þurfi að veita valdi notkun þessarar tegundar leikfangs alvarlegu slysi. Einnig skal tilgreina að leikföngin skuli geyma þar sem smábörn ná ekki til.“

7. Í stað titils og a-liðar 4. liðar IV. viðauka komi eftirfarandi frá 1. júní 2015:

„4. **Leikföng sem innihalda efni eða blöndur sem bein hætta stafar af. Efnafræðileikföng**

- a) Með fyrirvara um beitingu ákvæðanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skulu notkunarleiðbeiningar með leikföngum sem innihalda efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram í I. viðauka við þá reglugerð:
 - i. hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,
 - ii. hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,
 - iii. hættuflokk 4.1,
 - iv. hættuflokk 5.1,

vara við hættum sem stafa af efnum þessum eða blöndum og geta um varúðarráðstafanir sem notandi á að gera til að forðast þessar hættur, sem skylt er að tilgreina nákvæmlega, með hliðsjón af þeirri tegund leikfanga sem um ræðir. Einnig skal geta hvers konar skyndihjálþ þurfi að veita valdi notkun þessarar tegundar leikfangs alvarlegu slysi. Einnig skal tilgreina að leikföngin skuli geyma þar sem smábörn ná ekki til.“

3. gr.

Breytingar á tilskipun 1999/13/EB

Tilskipun 1999/13/EB er breytt sem hér segir:

1. Í öllum texta skjalsins komi „blanda“ eða „blöndur“ í stað orðsins „efnablanda“ eða „efnablöndur“ í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í útgáfunni frá 30. desember 2006.

2. Ákvæðum 5.gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi frá 1. desember 2010:

„6. Í stað efna eða blandna, sem innihalda rokkgjörn, lífræn efnasambönd og eru vegna þeirra flokkuð sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða efni sem hafa eituráhrif á æxlun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*), og sem fá eða ættu að fá hættusetningarnar H340, H350, H350i, H360D eða H360F eða hættusetningarnar H45, H46, H49, H60 eða H61, ætti að taka í notkun svo fljótt sem auðið er, eftir því sem framast er kostur og með hliðsjón af þeim leiðbeiningum sem fram koma í 1. mgr. 7. gr., önnur efni eða blöndur sem eru ekki jafn skaðleg.“

(*) Stjóð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi frá 1. júní 2015:

„6. Í stað efna eða blandna, sem innihalda rokkgjörn, lífræn efnasambönd og eru vegna þeirra flokkuð sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða efni sem hafa eituráhrif á æxlun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*), og sem fá eða ættu að fá hættusetningarnar H340, H350, H350i, H360D eða H360F, ætti að taka í notkun svo fljótt sem auðið er, eftir því sem framast er kostur og með hliðsjón af þeim leiðbeiningum sem fram koma í 1. mgr. 7. gr., önnur efni eða blöndur sem eru ekki jafn skaðleg.“

(*) Stjóð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

c) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

i. í stað „hættusetningunni H40“ komi „hættusetningunum H40 eða H68“,

ii. í stað „merkt er með hættusetningunni H40“ komi „merkt eru með hættusetningunum H40 eða H68“,

iii. Í stað „hættusetningunum H40 eða H68“ komi „hættusetningunum H341 eða H351“ frá 1. júní 2015,

iv. Í stað „merkt eru með hættusetningunum H40 eða H68“ komi „merkt eru með hættusetningunum H341 eða H351“ frá 1. júní 2015,

d) í stað orðasambandsins „risk phrases“ (hættusetningum) í 9. mgr. komi orðasambandið „hazard statements“ (hættusetningum) frá og með 1. júní 2015,

e) Í stað 13. mgr. komi eftirfarandi:

i. í stað „merkinganna H40, H60 eða H61“ komi „hættusetninganna H40, H68, H60 eða H61“,

ii. í stað „hættusetninganna H40, H68, H60 eða H61“ komi „hættusetninganna H341, H351, H360F eða H360D“ frá 1. júní 2015,

4. gr.

Breyting á tilskipun 2000/53/EB

Í stað 11. liðar 2. gr tilskipunar 2000/53/EB komi eftirfarandi frá 1. desember 2010:

„11. „Hættulegt efni“: hvers kyns efni sem uppfyllir viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*):

a) hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

b) hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

c) hættuflokk 4.1,

d) hættuflokk 5.1.

(*) Stjóð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.“

5. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/96/EB

Tilskipun 2002/96/EB er breytt sem hér segir:

1. Í öllum texta skjalsins komi „blanda“ eða „blöndur“ í stað orðsins „efnablanda“ eða „efnablöndur“ í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) 1907/2006, útgáfunni frá 30. desember 2006.

2. Í stað 1. liðar 3. gr. komi eftirfarandi frá 1. desember 2010:

„1) „hættulegt efni eða blanda“: efni eða blanda sem verður að teljast hættuleg samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efnablandna (*) eða efni sem uppfyllir viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram eru í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna (**):

i. hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

ii. hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

iii. hættuflokk 4.1,

iv. hættuflokk 5.1.

(*) Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

3. Í stað 1. liðar 3. gr. komi eftirfarandi frá 1. júní 2015:

„1) „hættulegt efni eða blanda“: efni eða blanda sem uppfyllir viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem settir eru fram í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna (*):

i. hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

ii. hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

iii. hættuflokk 4.1,

iv. hættuflokk 5.1,

(*) Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

4. Í stað 13. undirliðar 1. liðar II. viðauka komi eftirfarandi:

— „— íhlutir sem innihalda eldfastar keramiktréfar eins og lýst er í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.“

6. gr.

Breyting á tilskipun 2004/42/EB

Ákvæðum 2. gr. tilskipunar 2004/42/EB er breytt sem hér segir:

a) „blanda“ kemur í stað „efnablanda“ í 3. mgr,

b) „blanda“, „blöndur“ eða „blöndu“ kemur í stað „efnablanda“, „efnablöndur“, „efnablöndu“ í 8. mgr.

7. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. apríl 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. júní 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

9. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

B. Le Maire

forseti.

—